

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-59/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði hluta af kostnaði við að gera við bifreiðina.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 30. júlí. Með bréfi, dags. 15. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess að skila þeim til 29. ágúst. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 27. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgja kemur fram að hinn 21. júní 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 850.000. Var bifreiðin af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 2002. Segist álitsbeiðandi hafa keypt bifreiðina í þeirri trú að hún væri nýskoðuð hjá Z enda hafði bifreiðin farið í skoðun þar hinn 31. maí 2013. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi honum verið tjáð að bremsa bílstjóramegin að framan væri biluð. Hann hafi því farið, eftir kaupin, með bifreiðina á verkstæði til að láta lagfæra bremsuna og smyrja bifreiðina. Við þá verkstæðisheimsókn hafi hins vegar komið í ljós að bifreiðin var talsvert biluð og haldin leyndum göllum og segir álitsbeiðandi að líklega muni kosta um kr. 895.374 að gera við bifreiðina. Þar af séu kr. 595.374 vegna endurskoðunaratriða, en eftir standi kr. 300.000 sem séu leyndir gallar á bifreiðinni, þ.m.t. kælivifta sem kosti u.þ.b. kr. 277.000. Segir álitsbeiðandi að Z hafi boðist til að greiða kr. 100.000 af viðgerðarkostnaðinum, en seljandi vilji ekkert greiða.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi greiði 90% af áætluðum viðgerðarkostnaði eða kr. 805.836 enda sé það greinilegt að bifreiðin hafi farið í gegnum skoðun án þess að öryggisbúnaður hennar virkaði sem skyldi. Meðfylgjandi álitsbeiðni var kaupsamningur og afsal, dags. 21. júní 2013, skoðunarvottorð, dags. 31. maí 2013. Eins fylgir álitsbeiðni reikningur vegna lagfæringa á bifreiðinni vegna ýmissa atriða að fjárhæð kr. 304.132 og viðgerðartilboð að fjárhæð kr. 251.394.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögfræðingi hans, kemur m.a. fram að sala bifreiðarinnar hafi farið fram hinn 21. júní 2013. Bifreiðin hafi við kaupin verið 11 ára og 6 mánaða, ekin 193.000 km. Bifreiðin hafi verið skoðuð hjá Z hinn 31. maí og við þá skoðun hafi verið gerðar athugasemdir við rúðupurrkur, raftengi fyrir eftirvagn, rafgeymi og viðvörunarþríhyrning. Aður en bifreiðin var seld hafi seljandi og bifreiðasali gert

álitsbeiðanda ljóst að bremsur bifreiðarinnar væru ekki í lagi og að „check engine“ ljós logaði í mælaborði hennar.

Seljandi bendir á að samkvæmt framlögðum reikningi frá álitsbeiðanda hafi kostnaður vegna viðgerðar á bifreiðinni numið kr. 304.132. Bifreiðin hafi, sem fyrr greinir, verið 11 ára og 6 mánaða þegar kaupin fóru fram og ekin 193.000 km. Kaupverðið hafi verið kr. 850.000. Til samanburðar sé ásett verð sambærilegra bifreiða á bilinu kr. 950.000 til 1.490.000. Ljóst sé að álitsbeiðanda hafi verið greint frá því að bremsur bifreiðarinnar væru ekki í lagi, og að „check engine“ ljós logaði í mælaborði. Þá teljist smurning bifreiða og skipti á olíum og síum til eðlilegs viðhalds og geti ekki talist til galla. Varðandi þá kostnaðarliði sem álitsbeiðandi tilgreini liggja í augum uppi að bifreið sem sé svo gömul þarfnist ávallt nokkurs viðhalds auk viðgerða sem ekki geti talist til galla. Telur seljandi að með vísan til framangreinds og til þess að við undirritun kaupsamnings og afsals hafi legið fyrir skoðunarvottorð ökutækisins, geti bifreiðin ekki hafa talist vera í verra ástandi en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá telur seljandi ljóst að hann hafi veitt álitsbeiðanda allar þær upplýsingar varðandi bifreiðina og not hennar sem hann hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um og að ástand bifreiðarinnar hafi verið í samræmi við þær upplýsingar sem seljandi gaf um bifreiðina sbr. b- og c-liði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Að lokum vísar seljandi til skoðunarskyldu kaupanda sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 og að álitsbeiðandi geti ekki borið fyrir sig að bremsur bifreiðarinnar hefi ekki verið í lagi og eins hafi hann mátt vita þar eð viðvörunarljós í mælaborði logaði við kaupin, að huga þyrfti að fleiri atriðum. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi reynsluekið bifreiðinni.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 21. júní 2013 fyrir kr. 850.000. Bifreiðin er árgerð 2002 og fyrsti skráningardagur hennar 1. janúar 2002. Bifreiðin var því rúmlega 11 og 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 193.000 km. þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 21. júní 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.[...]“.

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. En fram er komið að seljandi mun hafa greint álitsbeiðanda frá því að bremsur bifreiðarinnar væru lélegar, auk þess sem vélarljós logaði í mælaborði hennar. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir verður ekki ráðið af gögnum máls að álitsbeiðandi hafi látið skoða bifreiðina af til þess bærur aðila áður en kaupin fóru fram, t.a.m. með því að láta gera söluskoðun á bifreiðinni. Að mati kærufndarinnar hefði slík skoðun að líkindum leitt í ljós bágt ástand flestra þeirra atriða er álitsbeiðandi kvartar undan, þó óljósara sé með kæliviftu þá er álitsbeiðandi kvartar undan að haldin sé galla. Álitsbeiðandi hefur hins vegar ekki lagt fram nein haldbær gögn vegna galla sem hann telur vera á kæliviftunni og tekur kærufndin því ekki afstöðu til þess atriðis. Þrátt fyrir að flest umrædd atriði hefðu átt að verða vart við við skoðun telur kærufndin engu að síður að álitsbeiðandi hefði mátt treysta því að mörg þeirra atriða væru í lagi þar sem ekki var gerð athugasemd við þau í aðalskoðun sem framkvæmd var á bifreiðinni um þremur vikum fyrir kaupin. M.a. telur kærufndin að hefði sú skoðun farið fram með eðlilegum hætti hefði skoðunaraðili átt að gera athugasemdir við lekamengun frá olúþönnu o.fl., ójafna hemlun, virkni stöðuhemils, ástand útblásturskerfis, fjöðrun að framan og aftan, ljós og lekamengun frá stýrisslöngu. Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni virðist skoðunaraðilinn hafa fallist á að aðalskoðunin hafi ekki verið framkvæmd með ásættanlegum hætti og því boðist til að greiða álitsbeiðanda tiltekna upphæð vegna þess. Er það því mat kærufndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Kærufndin vill þó taka fram að ekkert bendir til þess að seljandi hafi verið

meðvitaður um hve slæmt ástand bifreiðarinnar var, eða að aðalskoðun bifreiðarinnar hinn 31. maí 2013 hafi ekki verið framkvæmd með nægjanlega faglegum hætti.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 805.836. Sú krafa er hins vegar einungis studd reikningi, dags. 28. júní 2013, að fjárhæð kr. 304.132. Viðgerðir sem framkvæmdar hafa verið skv. þeim reikningi varða flestar atriði sem ýmist hefði átt að gera athugasemdir við þegar bifreiðin fór í aðalskoðun, en að sama skapi atriði sem flest hefði mátt sjá við söluskoðun fagaðila á bifreiðinni. Verður því kærunefndin, m.v. það sem að framan er rakið, að meta bætur að álitum og eru þær hæfilega metnar kr. 150.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 150.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir